



Morgunblaðið/Eggert

**Umhverfisgjald** Ný gjaldtaka leggst á sjóflutninga mína um áramótin.

# Kalla eftir endurskoðun á umhverfisgjaldi

● Framkvæmdastjóri FA vill að tekið sé mið af hraðri lækkun olíuverðs

## BAKSVIÐ

Brynja Björg Halldórsdóttir  
brynja@rnbl.is



Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA) gagnrýnir að fyrirhugað umhverfisgjald, sem leggst á flutningskostnað um áramótin, taki ekki mið af lækkun olíuverðs að undanförmu. Fultrúar skipafélaganna benda hins vegar á að lækkunin hafi endurspeglast í lækkun olfugjalds.

Umhverfisgjaldið kemur til vegna gildistöku ESB-tilskipunar um takmörkun brennisteinsoxíða í útblæstri skipa. Kröfurmar gilda á tilteknum svæðum í Evrópu og er þeim mætt með því að brenna gasolíu í stað svartolíu. Síðan skipafélögin tilkynntu hækkun vegna gjaldsins í nóvember hefur verð á gasolíu lækkað úr 720 bandaríkjadöllum tonnið í um 560.

„Okkur finnst heldur bratt að ákveða hvert gjaldið ætti að vera með margra vikna fyrirvara, á meðan olían lækkar svona hratt,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, í samtali við Morgunblaðið. Hann segir fyrirhugað gjald valda kostnaðaraukningu um rúma 60 dollara á hverja gámaeiningu.

„Allar hækkanir á flutningskostnaði geta á endanum komið fram í verði vörunnar. Það er þó erfitt að meta hver endanleg niðurstaða verður, þar sem flutningskostnaður er mishátt hlutfall af vöruverði.“ Að sögn Ólafs er of snemmt að meta áhrif gjaldsins á verðlag í landinu en gjaldið geti hækkað flutningskostnað um nokkur prósent.

„Auðvitað sýna menn því skilning að gjaldið er sett á vegna alþjóðlegra reglna til verndar umhverfinu. Við gagnrýnum þó að um miðjan nóvem-

ber sé gefið út hvert gjaldið skuli vera um áramót, þar sem díselolía hefur lækkað gríðarlega á þessum vikum frá nóvember og til áramóta, en gjaldtakan byggist á olíuverði. Við bindum þar af leiðandi vonir við að gjaldið verði endurskoðað mjög fljótlega, svo menn séu ekki að greiða meira en þeir þurfa.“

## Olfugjald reiknað mánaðarlega

Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa, sagði í samtali við Morgunblaðið að umhverfisgjaldið væri tilkomið vegna þess að skipum væri ætlað að brenna gasolíu í stað svartolíu, í þeim tilgangi að draga úr mengun. Gasolía væri umtalsvert dýrari en svartolía og umhverfisgjaldinu væri ætlað að mæta mismun á verði svartolíu og gasolíu. „Á undanförmum mánuðum hefur verð á svartolíu og gasolíu farið lækkandi og endurspeglast sú lækkun í olfugjaldi Samskipa (BAF) sem gefið er út mánaðarlega. Verðmunur á gasolíu og svartolíu hefur hins vegar haldist nánast óbreyttur í gegnum þetta lækkunarferli. Umhverfisgjaldið verður endurskoðað til lækkunar eða hækkunar eftir því sem aðstæður gefa tilefni til.“

Matthías Matthíasson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustuviðs Eimskips, tekur í sama streng. „Olfugjaldið endurspeglar lækkun olíuverðs og hefur þar af leiðandi lækkað mjög hratt undanfarna mánuði.“

Olfugjaldið sé endurskoðað í hverjum mánuði og verið sé að reikna upp umhverfisgjaldið út frá þróun olíuverðs. Af þeim sökum sé ekki ólíklegt að gjaldið taki breytingum frá því sem fyrirhugað var í nóvember, þegar tilkynnt var um það. Gjaldið muni svo endurspegja olíuverð á þeim tímamarki sem það sé lagt á hverju sinni.